

21 mars 2016

Fundur aðalstjórnar Vestra nr. 5 á árinu 2017, að þessu sinni með forsvarsmönnum deilda.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Anna Lind Ragnarsdóttir Guðfinna Hreiðarsdóttir, Pétur Markan, Gísli Jón Hjaltason, Sigurður Jón Hreinsson og Guðni Guðnason frá stjórn. Sólveig Pálsdóttir, Ingi Björn Guðnason, Hákon Hermannsson, Kristján Krinstjánsson, Samúel Samúelsson, Hafþór Halldórsson, Halldór Magnússon, Hulda Salóme Guðmundsdóttir og Aníta Ólafsdóttir frá deildum.

1. Búningamál, litir og útlit.

Formaður gerir fundarmönnum grein fyrir þeirri vinnu sem farið hefur fram og þeirri ósk stjórnar um aðstoð við það.

Guðfinna lagði fram nokkrar hugmyndir á blöðum, sem stjórnarmenn hafa kastað á milli sín. Hafþór spurði hvort að athugað hafi verið hver aukakostnaður væri af því að vera með sérútlit á búningunum. Fram kom að ekki væri alveg vitað hversu mikill aukakostnaðurinn yrði en hann mun verða einhver. Sem dæmi má nefna að Jako mun ekki verða með í boði á næsta ári, röndóttu búninga sem gæti valdið því að hraðar þyrfti að ganga í að panta búninga á félagsmenn en ella ef slíkir búningar yrðu fyrir valinu og samið yrði við Jako.

Fram kom að eitt af þeim atriðum sem þarf að huga að er sú regla sem gildir í körfuknattleik, er að til verða að vera ljósir og dökkir búningar.

Komment á framlagðar hugmyndir:

Sammi sagðist ekki vera hrifinn af grænu yfirleitt, hrifnari af bláu.

Ingi Björn yfirleitt hrifinn af röndóttu, en taldi að það væri þannig samsetning sem er mjög háð tísku.

Pétur sagði sína skoðun ver þá að hann væri hrifnastur af röndóttu, bláu og svörtu.

Hjalti sagði það yrði mjög skrítið, ef körfuboltinn geti ekki spilað í aðallitum félagsins á heimavelli.

Stutt könnun: hverjir myndu vilja sjá blátt í búningnum; nánast allir. Hverjir myndu vilja sjá grænt í búningunum, enginn. Hverjir myndu vilja sjá aðra liti; nokkrir.

Þurfum að skila þremur tillögum til að láta kjósa um:

A – Röndótt, blátt og hvítt

B – Röndótt, svart og blátt

C – Einlitt, dökk blátt

Stjórn mun svo bæta við einum möguleika sem verður með í almennri kosningu.

2. Vallarhúsið

Formaður kynnti að fyrir liggur áhugi fyrir því að félagið fái Vallarhúsið til umsjónar fyrir starfsemi og félagsstarf til lengri tíma. Skoðanir flestra stjórnarmanna eru á þann veg að heppilegast væri að húsið hýsti fyrst og fremst félagsaðstöðu á efri hæðinni.

Fjörugar umræður sköpuðust um nýtingu hússins, hvort að rétt væri að setja pening í lagfæringu á húsinu þegar þökkaleg aðstaða er í íþróttahúsinu á Torfnesi, sem dæmi. Einnig hvort að réttara væri að þrýsta á áframhaldandi framkvæmdir við stúkuna. En megin tónninn í umræðunni var á þann veg að réttast sé að bæta þessa aðstöðu í Vallarhúsinu og að þar verði félagsaðstaða félagsmanna til framtíðar.

Fundurinn samþykkir að aðalstjórn haldi áfram viðræðum við bæinn um að taka yfir rekstur Vallarhússins og að þar verði útbúin félagsaðstaða fyrir Vestra.

Fundi slitið kl 19:10

Fundargerð ritaði Siggi Hreins